

2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga þessara, komi ný grein, svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:

Iðnaðarmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum Iðnþróunarráðs, nánari ákvæði um starfsemi lánadeildar veiðarfæraíðnaðar, þar á meðal um vaxtakjör lána. Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að veita megi, auk lána, styrki eða vaxtalaus framlög um tiltekið árabíl til að stofnsetja veiðarfæragerðir og jafnframt til verðjöfnunar á ótollverndaðri, innlendri veiðarfæraframleiðslu, ef þurfa þykir vegna erlendrar samkeppni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 25 22. apríl 1966 inn í lög nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám
án undanfarins dóms eða sáttar.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 10. lið 1. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
Umsamdar greiðslur atvinnuveitenda í sjúkra- og styrktarsjóði verkalýðsfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Jóhann Hafstein.